

um till. til þál. um heildarendurskoðun á skattalögum, tekjuskiptingu og verka-
skiptingu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið samnála um afgreiðslu málsins. Vill meiri hlutium samþykkja tillöguna með litilli breytingu, en ég tel, hins vegar, að gera þurfi á henni gagngerðar breytingar, og flyt því tillögur um þær og geri grein fyrir þeim í sérstöku álit.

Ég er sammála flutningsmönnum og meiri hluta nefndarinnar um það, að endurskoða þurfi skattalögin og það hið bráðasta. Er það einnig í samræmi við samþykktir 8. þings Sócialistaflokksins um það efni. En mér virðist tillagan að ýmsu leyti mjög ófullkomin, í hana vanti að tilnefna ýmis helztu atriðin, er taka þurfi fram, og orðalag hennar að öðru leyti mjög ófullkomið og grautarlegt. Breytingartillögu þá, sem ég flyt, bar ég fram í nefndinni, en meiri hlutinn taldi sig ekki geta fallið á hana.

Skal þá vikið að einstökum atriðum.

Í fyrsta lagi tel ég, að endurskoðun skattalaganna eigi að framkvæmast af milli-
þinganefnd, sem Alþingi kys hlutbundnum kosningum. Þetta er mikið verk og nauðsynlegt, að sem flest sjónarmið komi fram. Slíkt verður bezt tryggt með því fyrirkomulagi, sem ég legg til og er raunar eini möguleikinn til að skapa heilbriggt samstarf um lausn þessa mikilsverða máls.

Til þess að ná því marki að gera álagningu og innheimtu einfaldari og ódýrari en nú er virðist einsætt að sameina hina ýmsu beinu skatta. Í því sambandi tel ég einnig, að afnáam nefskatta eigi að koma til greina. Nefskattar koma undantekningarlítið óréttlátt niður, þar eð þeir eru lagðir jafnt á einstaklingana án tillits til efnahags og greiðslugetu. Slík skattheimta er úrelt fyrirkomulag, sem yfirleitt hverfur fyrir stighækkandi sköttum í hlutfalli við hækkandi tekjur og eignir alls staðar þar, sem viðurkennt er, að fullkomið réttlæti eigi að ríkja í þessum málum.

Þá tel ég einnig, að við endurskoðun skattalöggjafar eigi að ákveða að hætta skattlagningu á þurftarlaun. Fyrsti og sjálfsagðasti réttur einstaklings í nútíma þjóðfélagi er sá, að honum séu tryggðar fyrir vinnu sína þær lágmarkstekjur, er þarf til lífsframfæris, og framfæri eftir öðrum leiðum, ef hann er óvinnufær. Íslenzka þjóðfélagið hefur næga möguleika til að skapa öllum meðlimum sínum sæm-
leg lífskjör. Það er því aðeins eðlilegur þáttur þeirra umbóta, er gera þarf á skatta-
kerfi ríkisins, að hætta að innheimta skatta af tekjum, er ekki eru nema þurftar-
tekjur, en láta í þess stað skattheimtu af einstaklingum fyrst hefjast, þegar tekjurnar komast yfir þetta lágmark, og stighækkandi úr því með hækkandi tekjum.

Þá tel ég einnig, að breyta eigi ákvæðum um skattlagningu hjóna í það horf, að tekjur hvors um sig séu skattlagðar sérstaklega.

Eftirlit með skattaframtölum mun að flestra dómi þurfa verulegra endurbóta við. Það er alkunnugt, að stórauðug og tekjuhá fyrirtæki geta farið í kringum skatta-
lögin á ýmsan hátt, t. d. með stofnun gervihlutafélags o. s. frv. Það er því full ástæða til að taka slík atriði til rækilegrar athugunar við endurskoðun skattalaganna.

Þá er það og kunnugt, að hið opinbera hefur gengið mjög langt í skattlagningu bæði á einstaklinga og atvinnurekstur og það svo, að almennt er nú kvartað undan því af forráðamönnum sveitarfélaganna, að vegna hinnar gífurlegu skattheimtu rík-
isins geti sveitarfélögin ekki innheimt af sínum skattþegnum þau gjöld, sem þau þurfa nauðsynlega á að halda til sinnar starfsemi. Hefur það mál mjög komið til kasta Alþingis þess. er nú situr, þar sem svo virtist á tímabili sem útlit væri fyrir, að hlutur sveitarfélaganna yrði eitthvað réltur. Er nú sýnilegt, að slíkt verður ekki gert af hálfu þessa þings. En því ríkari skylda ber því til að kveða skýrt á um þetta

atriði í sambandi við heildarendurskoðun skattalaganna, ef það gengur inn á þá braut, sem sjálfsgöð virðist, að fyrirskipa slíka endurskoðun.

Ég legg því til, að umrædd tillaga verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu 5 manna millipinganevnd til að endurskoða lög um skatta og útsvör með tilliti til þess, að álagning og innheimta verði gerð einfaldari og ódýrari í framkvæmd en nú er. Skal endurskoðunin einkum miðuð við eftirfarandi atriði:

1. Hinir ýmsu skattar séu sameinaðir í einn skatt með afnámi nefskatta, svo sem tryggingargjalds, kirkjugjalds, námsbókagjalds o. fl.
2. Engir skattar séu greiddir af þurftarlaunum.
3. Ákvæðum um skattlagningu hjóna sé breytt í þá átt, að tekjur hvors um sig séu skattlagðar sérstaklega.
4. Eftirlit með skattaframtölum sé aukið til tryggingar því, að skattskyldum tekjum einstaklinga og félaga sé ekki skotið undan skattgreiðslu.
5. Tryggð sé eðlileg skipting tekjustofna milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, miðuð við það, að sveitarfélögin geti haldið uppi allri nauðsynlegri starfsemi án þess að ofbjóða gjaldþoli skattþegna sinna.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Ásmundur Sigurðsson.